

REGLUR

um verðmerkingar á bifreiðaeldsneyti.

1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja eldsneyti á bifreiðar til neytenda og kveða á um skyldu til að verðmerkja eldsneyti á sölustað í því skyni að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð.

2. gr.

Skylt er að verðmerkja eldsneyti við eldsneytisdælu svo auðvelt sé fyrir neytendur að sjá verðið áður en byrjað er að dæla eldsneyti á bifreið. Verðupplýsingar skulu vera skýrar. Uppgefið verð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti á hvern lítra.

3. gr.

Á sölustöðum bifreiðaeldsneytis sem selja eina milljón lítra eða meira á ári skal auk þess vera verðskilti. Staðsetning verðskiltis skal vera þannig að verð á þeim tegundum eldsneytis sem í boði eru á sölustaðnum sjáist auðveldlega úr bifreið þegar hún nálgast sölustaðinn.

4. gr.

Uppgefið verð á verðskilti skal miðast við lægsta verð á sölustað enda komi það skýrt fram á skiltinu. Verðið skal standa öllum neytendum til boða. Efst á verðskiltinu skal skrá verð á 95 oktana bensíni en neðst skal skrá verð á dísilolíu. Verðskilti skal vera lýst upp þegar opið er á sölustaðnum.

5. gr.

Sölustaðir bifreiðaeldsneytis sem selja minna magn en um getur í 1. mgr. 3. gr. en vilja verðmerkja með skilti skulu fara eftir 3. og 4. gr. reglna þessara.

6. gr.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast gildi þann 1. apríl 2003 nema 3. og 4. gr. sem öðlast gildi sem hér segir: Fyrir sölustaði sem selja þrjár milljónir lítra eða meira á ári þann 1. janúar 2004, fyrir sölustaði sem selja tvær milljónir lítra eða meira á ári þann 1. júlí 2004, fyrir sölustaði sem selja eina milljón lítra eða meira á ári þann 1. janúar 2005.

Samkeppnisstofnun, 12. desember 2002.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.